

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Húsadalur, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 22. júní 2017 deiliskipulagstillögu fyrir Húsadal. Deiliskipulagið tekur til um 30 ha svæðis í Húsadal, auk göngubrúar yfir Markarfljót og aðkomu að henni. Afmarkaðar eru 9 misstórar lóðir. Síndur er byggingarreitur fyrir hverja lóð. Á þremur lóðum er gert ráð fyrir plássfrekri starfsemi auk bygginga, s.s. tjaldsvæði, afþreyingarsvæði eða aðstöðu fyrir hestaferðir. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Langidalur/Slyppugil, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 22. júní 2017 deiliskipulagstillögu fyrir Langadal/Slyppugil. Deiliskipulagið tekur til um 13 ha svæðis í Langadal og Slyppugili. Svæðið nær yfir núverandi aðstöðu Ferðafélags Íslands og austur fyrir aðstöðu Farfugla í Slyppugili. Afmarkaðar eru 2 þjónustulóðir fyrir gistiskála og þjónustuhús fyrir ferðamenn, ásamt svæði fyrir tjaldsvæði. Afmörkuð er lóð fyrir núverandi aðstöðu Skógræktarinnar. Byggingarreitir eru sýndir á hverri lóð. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Básar, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 22. júní 2017 deiliskipulagstillögu fyrir Bása. Deiliskipulagið tekur til um 38 ha svæðis í Básun, Goðalandi. Svæðið nær yfir núverandi aðstöðu Útivistar, óbyggðs svæðis til austurs frá þeirri aðstöðu og austur að Strákagili. Afmarkaðar eru 6 misstórar þjónustulóðir. Síndur er byggingarreitur fyrir hverja lóð. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Hvolstún/Nýbýlavegur, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 10. apríl 2017 deiliskipulagsbreytingu fyrir Hvolstún/Nýbýlaveg, Hvolsvelli. Það svæði sem breytingin tekur til nær allt að gatnamótum þar sem gatan Hvolstún tengist Nýbýlavegi skammt norðan Króktúns. Tillagan gerir ráð fyrir 4-5 íbúðum í einnar hæðar raðhúsi og 6-8 íbúðum í tveggja hæða fjölbýlishúsi, eða samtals um 10-13 íbúðum. Breytingin tekur einnig til stækkunar á lóðinni Nýbýlavegur 44.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 18. desember 2017.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.